

Haraldur Birgir Haraldsson,
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Suðurlandsvegi 1-3
850 Hella



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 19. desember 2013
Tilvísun: UST20131100146/ksj

Rangárþing Ytra, tillaga að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2011 - 2022. Iðnaðarsvæði að Galtalæk.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 21. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010 – 2022 í landi Galtalækjar II.

Iðnaðarsvæði

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra felur í sér að eins ha svæði í landi Galtalækjar er afmarkað sem iðnaðarsvæði. Svæðið er sunnan Landvegar, um 3 km ofan ármóta Galtalækjar við Ytri-Rangá. Í texta í greinargerð kemur fram þar verði fiskeldi, framleiðsla allt að 200 tonn á ári.

Fiskeldi

Nú þegar er stundað áframeldi á bleikju á svæðinu sem eftir breytinguna verður skilgreint sem iðnaðarsvæði. Í breytingartillögunni kemur fram að fiskeldi á svæðinu hefur verið tilkynnt til Skipulagsstofnunar og niðurstaða Skipulagsstofnunar er sú að eldi á allt að 200 tonnum sé ekki líklegt til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Í greinargerð kemur fram að í deiliskipulagi verði gerð nánari grein fyrir öðrum þáttum í samræmi við aðalskipulag þ.m.t. mengunarvarnir, hugsanleg áhrif á lífríki í vatni og hvernig tryggt verður að eldisfiskur berist ekki í Galtalæk.

Umhverfisskýrsla

Í niðurstöðu umhverfisskýrslu er fylgir erindinu kemur fram að gert sé ráð fyrir að mengunarvarnir verði eflar frá því sem nú er og einnig verði gerðar ráðstafanir til að draga úr hættu á að eldisfiskur blandist núverandi fiskistofnum í Galtalæk eða Ytri Rangá. Ekki kemur fram í niðurstöðu á hvern hátt mengunarvarnir verði eflar né hvernig dregið verði úr hættunni á að eldisfiskur blandist núverandi fiskistofnum í Galtalæk eða ytri Rangá.

Niðurstaða

Að mati Umhverfisstofnunar ættu upplýsingar um mengunarvarnir og hvernig komið verður í veg fyrir blöndun eldisfisks og villtra fiskistofna í nágrenninu einnig að koma fram í tillögu að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2011-2022.

Virðingarfyllt

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Aðalbjörg B. Guttormsdóttir
Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri

Skipulagsstofnun